

SAMÞYKKT

um búfjánhald í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Markmiðið með samþykkt þessari er að tryggja skipulag, stjórn og eftirlit með búfjánhaldi í Vestmannaeyjum, sbr. lög um búfjánhald o.fl. nr. 103/2002, koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt og ágang búfjár á lóðir í þéttbýli í Vestmannaeyjabæ. Landnytjanefnd fer með málefni sem varða búfjánhald. Til þess að framfylgja samþykkt þessari og lögum um búfjánhald skal ráða búfjäreftirlitsmann, sem annast eftirlit með ásetningi búfjár, fóðrun, hirðu og vörslu bæjarlandsins. Hann skal handsama og skrá lausagöngubúfénað. Auk forðagæslu og vörslu lands skal búfjäreftirlitsmaður halda skrá um búfjäreigendur og fjölda búfjár af einstökum tegundum. Hann skal starfa á vegum landnytjanefndar Vestmannaeyjabæjar.

2. gr.

Búfjánhald (alifugla, geita, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína) og lausaganga búfjár er óheimil á Heimaey að öðru leyti en greinir í samþykkt þessari.

3. gr.

Hver sem vill fá leyfi til búfjánhalds á Heimaey skal senda um það umsókn til landnytjanefndar. Leyfi til búfjánhalds er veitt til óákveðins tíma en er uppsegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní ár hvert. Leyfið miðast við ákveðinn hámarksfjölda búfjár og er bundið við nafn umsækjanda. Óheimilt er að framselja leyfið. Leyfi skal einungis veitt þeim sem hafa yfir að ráða viðunandi beitilandi og gripahúsi að mati landnytjanefndar.

4. gr.

Leyfi til byggingar gripahúss og til afnota af beitilandi skal sækja um til skipulags- og byggingafulltrúa, sem fjallar um umsóknina í samráði við landnytjanefnd. Skipulags- og byggingafulltrúi heldur skrá og kort yfir tún og jarðir sem eru í notkun og samninga sem í gildi eru. Umsóknin, ásamt tillögum skipulags- og byggingafulltrúa og landnytjanefndar, er síðan send bæjarstjórn til afgreiðslu.

5. gr.

Búfjäreigandi skal ætíð ganga vel um leiguland sitt og draga úr eða aflétta beit tafarlaust ef ástæða þykir til að dómi búfjäreftirlitsmanns, að fenginni umsögn gróðureftirlitsmanns Landgræðslu ríkisins. Þá skal búfjäreigandi ábyrgjast örugga vörslu búfjár síns með fjárheldum girðingum, sbr. ákvæði reglugerðar um vörslu búfjár nr. 59/2000 og reglugerðar um girðingar nr. 748/2002. Jafnframt skal hann viðhalda gripahúsum sínum og girðingum, sbr. ákvæði girðingarlaganna nr. 135/2001 og reglugerðar um girðingar nr. 748/2002. Hagaganga, þ.e. haust- og vetrarþétt sauðfjár á skilgreindum svæðum á Heimaey er heimil á tímabilinu 1. október til 31. mars ár hvert. Landnytjanefnd getur að fenginni umsögn búfjäreftirlitsmanns veitt undanþágu frá dagsetningu ef nauðsynlegt þykir að mati nefndarinnar. Land sem ætlað er til hagagöngu skal ákvarðað af landnytjanefnd að fenginni umsögn búfjäreftirlitsmanns. Mörk landsvæðis sem ætlað er til hagagöngu skulu endurskoðuð 3. hvert ár.

6. gr.

Fylgi búfjáreigandi ekki settum reglum varðandi búfjárhald má svipta hann forræði þess að undangenginni skriflegri aðvörun. Sleppi búfánaður laus skal búfjárefirlitsmaður sjá um að framfylgja 9. gr. III. kafla laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

7. gr.

Þeir, sem við gildistöku samþykktar þessarar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til landnytjanefndar og sækja um leyfi til búfjárhalds.

8. gr.

Vestmannaeyjabær leigir úteyjafélögum nýttarétt í úteyjum öllum að undanskilinni Surts-ey til óákveðins tíma en með eins árs uppsagnarfresti miðað við 15. júní ár hvert. Aðskilja skal beitar- og veiðirétt. Þeim sem nytja úteyjar til beitar ber að hafa samráð við landnytjanefnd og búfjárefirlitsmann um fjölda fjár og fyrirkomulag að öðru leyti.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum eða fangelsi, ef sakir eru miklar. Með mál vegna brota á samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. 18. gr. laga nr. 103 frá 2002 um búfjárhald.

10. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar, er sett með heimild 5. gr. laga nr. 103/2002 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi V. kafli lögreglusamþykktar fyrir Vestmannaeyjar nr. 320 frá 1979 og 12. gr. reglugerðar um fjallskil, fjármörk o.fl. í Vestmannaeyjum nr. 5 frá 1958.

Landbúnaðarráðuneytinu, 26. september 2003.

Guðni Ágústsson.

Atli Már Ingólfsson.